

Ágætu nemendur og aðstandendur (see English below).

Í dag var tilkynnt um lokanir skóla og að skólahald yrði með óhefðbundnum hætti til 15. apríl. Þetta eru þrjár kennsluvikur og ein í páskafríi.

Það þýðir að námið fer fram í gegnum rafrænt kennsluumhverfi skólans, INNU.

Nemendur eiga að sinna náminu eins og stundataflan þeirra segir til um og kennarar munu vera til staðar í tölvunni á þeim tímum sem hver áfangi er kenndur. Kennarar munu gefa nánari upplýsingar inn INNU en við biðlum til ykkar að vera þolinmóð þar sem þetta er að gerast á miklum hraða.

Námið færir úr tímasókn í rafrænt umhverfi þar sem reynir meira á ykkur og því biðla ég til ykkar að sýna öguð vinnubrögð og góða ástundun. Athugið að þið þurfið að mæta í rafræna tíma samkvæmt fyrirmælum kennara. Mæting í rafrænan tíma gæti t.d. þýtt að hafa lesið fyrirmæli tímans og skilað verkefni. Gott aðgengi er að öllu starfsfólki í gegnum tölvupóst, t.d. stjórnendum, starfsfólki í stoðþjónustu (náms- og starfsráðgjafar og sálfræðingur) og skrifstofu. Námsver skólans býður upp á sína þjónustu og hægt að hafa samband við Valgerði (valgerdur@mh.is).

Það er mikilvægt að þið sinnið náminu eins og stundataflan segir til um. Meta má þátttöku ykkar með ýmsum hætti, t.d. með virkni á umræðuþráðum og verkefnaskilum.

Því vil ég hvetja ykkur til eftirfarandi:

- Verið virk í INNU
- Verið dugleg að fylgja námsáætlunum
- Verið dugleg að tala við samnemendur og miðla til hvors annars
- Hvetjið hvort annað til dáða
- Verið óhrædd við að spyrja kennarann spurninga þó kennsluformið sé öðruvísi
- Ef þið sjáið aðrar lausnir sem virka vel þá miðlið því til hópsins

Við sýnum umburðarlyndi og sveigjanleika á tímum sem þessum.

Ég vona að ykkur gangi allt í haginn í þessum erfiðu aðstæðum sem við glímum við og mætum svo hress í skólann þegar að því kemur. Ef einhverjar spurningar vakn á þá hikið ekki við að hafa samband.

Kær kveðja,

Steinn

Dear students, parents and guardians

Today the closing of schools was announced by minister of Education and Culture, and that means that school work will be unconventional until 15th of April. It may change so please watch our homepage.

It means that your studies will be going through INNA the school's learning management system. Students are supposed to attend to their studies according to their timetable and the teachers will be available online at the time each class should be held. The studies will be moved from attendance in to the digital form where you are responsible for your studies and I ask that you will be disciplined and attentive to your studies. Teachers will put information soon in INNA but at the same time I ask you to

be patient. Other services will be available via email. The Special Support Service will offer service online and you can contact via email (valgerdur@mh.is).

It is important that you tend to your studies according to your timetable. Your participation can be evaluated in several ways, for example with your activity in discussion threads and project returns.

Therefore I would like to encourage you to:

- Be active in INNA
- Work hard and follow your study plan
- Talk to students in your classes and communicate information to each other
- Encourage each other
- Do not be afraid to ask your teacher questions even though the teaching methods are different.
- If you discover other solutions the work well then share them with the group

We will be tolerant and flexible in times like these.

I wish you all good luck in this demanding situation that we are facing now, and when the time comes to return we will attend school in good form.

Best regards,
Steinn